

Greinargerð

vegna útgáfu á rekstrarleyfis Samherja fiskeldis ehf. Eldisgarðinum vegna landeldis með allt að 20.000 tonna hámarkslífmassa.

1. Almennt

Samherji fiskeldi ehf. (kt. 610406-1060), Glerárgötu 30, 600 Akureyri sótti um nýtt rekstrarleyfi, fyrir 40.000 tonna framleiðslu á laxi eða allt að 20.000 tonna hámarkslífmassa, til seiða- og matfiskeldis þann 10. febrúar 2023.

Eldisstöð Samherja fiskeldis ehf. í Eldisgarðinum á Reykjanesi er staðsett á landi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskeri og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Frárennsli frá eldiskerjum verður hreinsað með þeim hætti að á hverju kerri verður rist sem tekur mið af stærð fíksins í kerinu á hverjum tíma. Seinni hreinsun, áður en eldisvökvinn fer í viðtaka er með tromlu- eða diskasíu. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 2. júní til og með 1. júlí 2025 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvarðanir Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Samherji fiskeldi ehf. lagði fram umhverfismatskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 4. nóvember 2022 og var álit skipulagsstofnunar gefið út þann 18. júlí 2023.

Í umhverfismatskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir því að aðal valkostur fælist í því að Samherji fiskeldi ehf. byggji eldisstöð með 20.000 tonna hámarkslífmassa hverju sinni og ársframleiðslu upp á 40.000 tonn af laxfiskum og seiðum. Eldisgarðurinn verður byggður upp í þremur áföngum þar sem fyrsti áfangi gerir ráð fyrir 10.000 tonna ársframleiðslu, annar áfangi 20.000 tonna ársframleiðslu og þriðji áfangi 40.000 tonna framleiðslu. Staðsetningin er talin heppileg með tilliti til mikils magns af fersku vatni og jarðsjó jafnframt sem sjórinn sé öflugur viðtaki fyrir fráveitu fyrirtækisins þar sem það standi fyrir opnu hafi. Einnig mun eldið nýta ylsjó frá Reykjanesvirkjun.

Núllkostur felur í sér að ekki verði ráðist í framkvæmdina og áhrifaþættir bornir saman við þann kost. Bornir eru saman valkostir á notkun RAS kerfis og gegnumstreymiskerfis með endurnýtingu, hyggst framkvæmdaraðili notast við RAS kerfi í seiðastöð en gegnumstreymiskerfi með endurnýtingu í áframeldi. Endurnýting á vatni í seiðaeldi verður allt að 99% en í áframeldi verður endurnýtingin um 60-70%.

Matvælastofnun hefur kynnt sér framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, álit Skipulagsstofnunar og önnur gögn sem liggja fyrir afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun mun staðfesta að fyrirhugaðar framkvæmdir Samherja fiskeldis ehf. við Laxabraut 45, 47, 49, 51, 53, 55, 57, 59 og 61 verði í samræmi við kynnta framkvæmd með úttekt sem snýr að þáttum sem stofnunin hefur eftirlit með.

2.2. Áhrif á grunnvatn

Skipulagsstofnun telur töluverða óvissu ríkja um áhrif laxeldis Samherja fiskeldis ehf. á grunnvatni. Skipulagsstofnun telur afar brýnt að öflug vöktun á vatnafari fari fram og að byggja þurfi starfsemina upp í áföngum. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að skilyrða þurfi grunnvatnsvinnslu með hliðsjón að óvissu sem kemur fram í umsögnum og sérfræðiáliti Magnúsar Tuma Guðmundssonar og lita svo á þær ábendingar sem gæðamarkmið grunnvatnsvinnslu sem taka þurfi alvarlega. Skipulagsstofnun mælist til að áhrif hvers áfanga verði metin áður en hafist er handa við næsta áfanga. Matvælastofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar. Gert er ráð fyrir að eldið verði byggt upp í áföngum þar sem hægt verður að meta áhrif vatnstökunnar á grunnvatn svæðisins. Matvælastofnun telur að með þeirri vöktun sem kallað er eftir og gerð er krafa um í vöktunaráætlun sem Umhverfis- og orkustofnun gerir kröfu um verði nægilega vel fylgst með áhrifum og hægt að grípa inn í og draga úr áhrifum.

2.3 Áhrif á vatnsgæði viðtaka og lífríki í fjöru vegna fráveitu

Skipulagsstofnun bendir á að viðtaki sé brimsamur og straumar sterkir og því líklegt að sjávarstraumar og brim þynni affalsvatnið fljótt út. Skipulagsstofnun telur að vatnsgæði í viðtaka ásamt lífríki fjörunnar geti orðið fyrir nokkuð neikvæðum áhrifum frá eldinu. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið Skipulagsstofnunar og bendir á að vöktun næringarefna sé í vöktunaráætlun Umhverfis- og orkustofnunar sem getur jafnframt kallað eftir sameiginlegri vöktun á frárennsli rekstraraðila á svæðinu telji stofnunin þörf á. Matvælastofnun telur að þar sem hreinsun á lífrænum efnum fari fram áður en eldisvökva er veitt í fráveitu að áhrifin verði óveruleg og afturkræf.

2.4 Áhrif á jarðmyndanir

Skipulagsstofnun telur að hraun á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði Samherja fiskeldis ehf. muni hafi verulega neikvæð áhrif á nútímahraun og jarðmyndanir. Fjallað er um tvo valkosti fyrir staðsetningu, svokallað Norðursvæði annarsvegar og Suðursvæði hins vegar. Bæði svæði hafi í för með sér álíka röskun svæðisins og telur Skipulagsstofnun að mikilvægt sé að halda raski á hrauni í lágmarki við framkvæmdir. Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði í skipulagi og því gert ráð fyrir að það muni raskast, en líkt og Skipulagsstofnun þarf einnig að horfa til samlegðaráhrifa vegna röskunar svæðisins sem talin eru verða verulega neikvæð og óafturkræf. Matvælastofnun tekur undir ofangreind sjónarmið Skipulagsstofnunar.

2.5 Áhrif á gróður og fugla

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda muni hafa óveruleg áhrif á gróður og fugla þar sem lítið er um gróður á svæðinu og fuglalíf er lítið vegna aðstæðna og verndargildið lítið m.t.t þess. Hins vegar er verndargildi fjörusvæðisins metið hátt og því mikilvægt að vakta áhrif eldisins á því svæði. Matvælastofnun tekur undir ofangreind sjónarmið Skipulagsstofnunar en í tillögu að starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar er gerð krafa um vöktun og áhrif fráveitu frá eldinu m.a. í fjöru.

2.6 Áhrif á landslag og ásynd

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif framkvæmdanna og áhrif þeirra á landslag verði talsvert neikvæð en með skýrum ákvæðum og nánari útfærslu við hönnun mannvirkja, svo sem með efnis- og litanotkun megi mögulega draga úr þeim áhrifum. Hönnun mannvirkja sem gert er ráð fyrir að verði allt að 250.000 m² muni verða mjög fyrirferðarmikil á svæðinu sé því mjög mikilvæg og horfa verði til þess og milda sjónræn áhrif þeirra eftir því sem frekast er unnt.

Matvælastofnun tekur undir ofangreint álit Skipulagsstofnunar og telur mikilvægt að standa vel að hönnun mannvirkja og svæðisins í heild í ljósi mikils umfangs.

2.7 Áhrif á fornleifar

Skipulagsstofnun telur að verndargildi þeirra minja sem verði fyrir röskun sé fremur lítið. Skipulagsstofnun bendir á að brýnt er að fylgja fyrirmælum. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa í för með sér óverulegt

neikvæð áhrif á menningarminjar verði farið að fyrirmælum Minjastofnunar. Matvælastofnun tekur undir ályktun Skipulagsstofnunar.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Reykjanesbæjar þann 15. október 2024. Umsögn barst frá Fiskistofu en ekki frá Hafrannsóknastofnun né Reykjanesbæ.

3.1 Fiskistofa

Fiskistofa veitti umsögn eða vísaði til umsagnar til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismatsskýrslu þann 20. febrúar 2025. Í umsögn Fiskistofu til Skipulagsstofnunar kemur fram að taldar eru litlar líkur á að fiskur muni berast frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska. Þar sem um landeldisstöð sé að ræða telur Fiskistofa að ekki sé mikil hættu á að smit berist í villta stofna og að hægt verði að bregðast við því ef sjúkdómar koma upp í stöðinni og varna því jafnframt að smit berist frá stöðinni. Fiskistofa telur því að engin hættu á því að neikvæð vistfræðileg eða erfðafræðileg áhrif muni skapast vegna fyrirhugaðrar landeldisstarfsemi Samherja fiskeldis ehf. á Reykjanesi.

4. Sjúkdómstengdir þættir sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar

Með reglugerð nr. 462/2021 var innleidd með tilvísunaraðferð reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr. Í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. b. liður 7. gr., kemur m.a. fram að lögbært yfirvald skuli einungis samþykkja lagareldisstöðvar hafi rekstraraðilar þeirra þróað og skjalfest áætlun um smitvarnir (d. biosikringsplan) sem uppfylli tilteknar kröfur, m.a. um að tilgreindar séu þær leiðir sem sjúkdómsvaldur geti komist eftir inn í lagareldisstöðina eða hóp lagareldisstöðva, dreifst innan hennar og borist frá henni út í umhverfið eða til annarra lagareldisstöðva, sbr. a. lið. Jafnframt að tekið sé tillit til sérkenna einstakra lagareldisstöðva eða hóps lagareldisstöðva og tilgreindar mildandi ráðstafanir fyrir hverja áhættu varðandi smitvarnir sem hefur greinst, sbr. b. lið. Að auki er vísað til þátta sem nánar koma fram í viðauka við reglugerðina.

Matvælastofnun kallaði eftir smitvarnaráætlun frá rekstraraðila og bárust drög að henni í tölvupósti þann 29. janúar 2025 og uppfærð smitvarnaráætlun þann 19. september 2025. Matvælastofnun óskaði eftir því að sérgreinadýralækni fisksjúkdóma færi yfir smitvarnaráætlunina og gæfi álit sitt á því hvort hún uppfyllti skilyrði framangreindra laga og reglugerða.

Álit sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma barst þann 2. október 2025 og mat hann smitvarnaráætlun rekstrarleyfishafa fyrir fyrsta áfanga framkvæmdarinnar fullnægjandi.

Í ljósi þessa telur Matvælastofnun að smitvarnaráætlun rekstrarleyfishafa sé fullnægjandi grundvöllur fyrir rekstri stöðvarinnar með tilliti til smitvarna hvað varðar fyrsta áfanga framkvæmdarinnar. Kallað verður eftir uppfærðri áætlun þegar næsti áfangi verður tekin í notkun.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstrarleyfistillögunnar

Tillaga að rekstrarleyfi Samherja fiskeldis ehf. var auglýst á tímabilinu 2. júní til og með 1. júlí 2025 á heimasíðu Matvælastofnunar. Engin athugasemd barst vegna tillögunnar á auglýsingatíma.

6. Aðrar leyfisveitingar

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi Matvælastofnunar og starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 1. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Unnið var að samræmingu rekstrarleyfis og starfsleyfis hjá stofnununum sbr. lög nr. 71/2008 um fiskeldi og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsemin þarf einnig leyfi Umhverfis- og orkustofnunar til nýtingar á jarðsjó, sbr. lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Starfsemin er einnig háð leyfisveitingum frá öðrum stofnunum og sveitarfélagi er snýr m.a. að byggingar og framkvæmdaleyfum.

7. Forendur útgáfu

Byggingarleyfi liggur ekki fyrir en lóðaleigusamningur fyrir allar lóðir frá sveitarfélaginu. Einnig liggja fyrir framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins fyrir framkvæmdum tengdum fiskeldinu á lóðunum.

Í álitum Skipulagsstofnunar fyrir 24.000 tonna framleiðslu Samherja fiskeldis ehf., um umhverfismat framkvæmdar dagsettu 16. maí 2023 koma ekki fram nein bein skilyrði er snúa að Matvælastofnun.

Matvælastofnun telur að undangenginni ítarlegri yfirferð á fyrirliggjandi gögnum að skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis til handa Samherja fiskeldis ehf. séu uppfyllt.

8. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Samherja fiskeldis ehf. Rekstrarleyfið heimilar 20.000 tonna hámarkslífmassa í seiða- og matfiskseldi á laxi. Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Þar sem gert er ráð fyrir því að eldið verði byggt upp í áföngum mun Matvælastofnun gera úttekt á hverjum áfanga þegar honum er lokið og gefa út gildistökuþréf að því gefnu að framkvæmdirnar fullnægi skilyrðum laga um fiskeldi, skilmálum rekstrarleyfisins og að byggingarleyfi fyrir framkvæmdunum liggi fyrir.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 2.10.2041.

Akureyri, 2. október 2025